

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016,
Búðarháslína 1.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í lagningu 220 kV háspennulínu, Búðarháslínu 1, um 1,3 km að lengd innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2009